

# Samspil löggjafar um persónuvernd og opinber skjalasöfn



**Þórður Sveinsson**  
forstöðumaður lögfræðisviðs Persónuverndar



Persónuvernd



# Þróun persónuverndarlöggjafar

Persónuvernd

- Evrópuráðssamningur um vernd persónuupplýsinga nr. 108 frá 28. janúar 1981
- Fyrsta íslenska persónuverndarlöggjöfin
  - Lög um skráningu á upplýsingum um einkamálefni nr. 63/1981, nr. 39/1985 og nr. 121/1989
- Tilskipun um vernd persónuupplýsinga nr. 95/46/EB
  - Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga
- Persónuverndarreglugerðin (ESB) 679/2016 (pvrgr.)
  - Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga



# Þróun löggjafar um skjalasöfn

Persónuvernd

- Reglugerðir frá 1900 og 1911 um Landsskjalasafn
- Lög nr. 39/1915 um Þjóðskjalasafn Íslands
  - Reglugerð nr. 5/1916 um Þjóðskjalasafnið í Reykjavík
  - Lög nr. 7/1947 um héraðsskjalasöfn
- Lög nr. 13/1969 um Þjóðskjalasafn Íslands
- Lög nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands
- Lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn



Persónuvernd

# Grunnreglur persónuupplýsingalöggjafar

- 8. gr. pvl., 5. gr. pvrgr.
  - Gagnsæisreglan
  - Tilgangsreglan
  - Meðalhófsreglan
  - Áreiðanleikareglan
  - Eyðingarreglan
  - Öryggisreglan



Persónuvernd

# Áreiðanleikareglan

- Skv. 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. pvl. og d-lið 1. mgr. 6. gr. pvrg. skal þess gætt að persónuupplýsingar séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum; persónuupplýsingum, sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslunnar, skal eyða eða þær leiðréttar án tafar
  - Nánari ákvæði í 16. gr. pvrg., sbr. 1. mgr. 20. gr. pvl.
  - Réttur hins skráða til að láta bæta við upplýsingar sem gefa villandi mynd (fullgera ófullkomnar persónuupplýsingar), þ. á m. með því að leggja fram viðbótaryfirlýsingu



Persónuvernd

# Eyðingarreglan

- Skv. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. pvl. og e-lið 1. mgr. 6. gr. pvrgr. skal þess gætt að persónuupplýsingar séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða einstaklinga lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu
- Heimilt er að geyma persónuupplýsingar lengur að því tilskildu að vinnsla þeirra þjóni einungis skjalavistun í þágu almannahagsmuna, rannsókna á sviði vísinda eða sagnfræði eða í tölfræðilegum tilgangi og að viðeigandi öryggis sé gætt



Persónuvernd

# Eyðingarreglan

- Eyðingarreglan útfærð nánar í 17. gr. pvrgr., sbr. 1. mgr. 20. gr. pvl.
  - Innan sviga í fyrirsögn ákvæðisins: „réttur til að gleymast“
- Undantekningar frá eyðingarreglunni í 3. mgr. 17. gr. pvrgr.
  - Skv. d-lið gildir hún ekki sé vinnsla nauðsynleg vegna m.a. skjalavistunar í þágu almannahagsmuna að því marki sem líklegt er að réttur til eyðingar geri það ómögulegt eða hamli því verulega að markmið vinnslunnar náist



Persónuvernd

# Varðveisluskylda skv. lögum um opinber skjalasöfn

- Aðilum skv. 1. og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 77/2014 er skylt að afhenda opinberu skjalasafni skjöl sín – Heimild skv. 16. gr. til að taka við mikilvægum einkaskjalasöfnum
- Skv. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 77/2014 er afhendingarskyldum aðilum óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali nema með samþykki þjóðskjalavarðar, samkvæmt reglum settum af þjóðskjalasafni eða á grundvelli sérstaks lagaákvæðis





Persónuvernd

# Hugtakið skjal

- Skilgreining á skjali í 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2014
  - Hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings
- Hvað með gagnagrunna?
  - Teljast til skjala skv. frumvarpsathugasemdamum við 2. tölul. 1. mgr. 2. gr.
  - Ákvæði um eyðingu í 17. gr. laga nr. 16/2000 um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, sbr. 112. og 113. gr. Schengensamningsins
  - Sambærileg ákvæði um eyðingu í Evrópulöggjöf um aðra Schengen-tengda gagnagrunna, þ.e. Eurodac og VIS-kerfið



# Ákvæði um leiðréttingu og eyðingu hjá afhendingarskyldum aðilum

- Ákvæði um leiðréttingu og eyðingu í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár
  - Telji sjúklingur eða umboðsmaður hans að sjúkraskrárupplýsingar séu rangar eða villandi skal athugasemd hans um það skráð í sjúkraskrá
  - Sé sýnt fram á að upplýsingar í sjúkraskrá séu bersýnilega rangar eða villandi er heimilt með samþykki umsjónaraðila að leiðrétta þær í sjúkraskrá enda sé þess gætt að ekki glatist upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna réttarágreinings
    - Unnt að skjóta synjun til landlæknis
  - Óheimilt er að eyða upplýsingum úr sjúkraskrá nema með samþykki landlæknis



# Ákvæði um leiðréttingu og eyðingu hjá afhendingarskyldum aðilum

- Ákvæði um eyðingu í 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu, sbr. m.a. i-lið 1. mgr. 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996
  - Séu persónuupplýsingar ekki lengur nauðsynlegar í þágu lögreglustarfa vegna aldurs eða af öðrum ástæðum skal þeim eytt
  - Sé óheimilt að eyða upplýsingum skal ríkislögreglustjóri grípa til sérstakra ráðstafana til að takmarka aðgang að þeim og getur bannað notkun þeirra




Persónuvernd

?



postur@personuvernd.is  
[www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)

 @Personuvernd  
#Persónuvernd #PV2018



Persónuvernd